

Reykjavík, 19. apríl 2005

Nefndasvið Alþingis
Austurstræi 8 – 10,
150 Reykjavík.

Varðar frumvarp til laga um happdrætti, 675. mál.

Með vísan í bréf allsherjarnefndar Alþingis dags. 8. apríl s.l. er varðar umsögn um frumvarp það sem liggur fyrir nefndinni um happdrættismál vil ég fyrir hönd Happdrættis D.A.S. gera athugasemdir við þessi lög.

Í athugasemdum með lagafrumvarpinu segir m.a. *“Samkvæmt ákvæðinu er jafnframt gert ráð fyrir að ýmis ákvæði laganna, ef samþykkt verða, gildi jafnframt um peningahappdrætti þar sem meðal annars verður tekin afstaða til þess, hvort afnema beri einkaleyfi Happdrættis Háskóla Íslands”*

Því er full ástæða til að gera athugasemdir er geta varðað happdrætti Dvalarheimilis aldraða sjómanna í framtíðinni. (hér eftir Happdrætti DAS)

Þá segir enn fremur í inngangi að ekki eigi að hrófla við sérlögum um peningahappdrætti eða vöruhappdrætti s.b.r. HHÍ, DAS og SÍBS ofl (sem hafa sérlög) í textanum segir m.a.; *“Gert er ráð fyrir að áfram verði mælt fyrir um þessi happdrætti í sérstökum lögum sbr. 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins”*

Með ofangreint í huga vil ég f.h. Happdrættis DAS gera nokkrar athugasemdir við frumvarpið.

3. gr.

Hér segir svo: *“fæst leyfi ef það er í þeim tilgangi m.a. til alþjóðlegs mannúðarstarfs”*.

Athugasemd: Rétt er að vekja athygli nefndarmanna á því að Alþjóða Rauði Krossinn rekur Lottó á Netinu með aðsetur í Sviss. Skv. þessu ákvæði mætti ætla að nú fái þeir heimild til reksturs slíks happdrættis hér á landi hvort sem þeir kjósa Netið eða ekki. Þá má benda á ýmiskonar friðarsamtök sem óvandaðir aðilar hafa stofnað til. Því ætti að fella þetta orð út.

Þá segir enn fremur, *“Aðeins er heimilt að veita sama aðila 2 leyfi á sama árinu.”*

Athugasemd: Þetta ákvæði setur Happdrætti DAS í vanda. Ef vilji væri fyrir því að setja á stofn skafmiða-happdrætti þá er sölutímabilið yfirleitt 3 mánuðir. Gefa þarf út leyfi fyrir hverri útgáfu. Þar með væri ekki möguleiki á að reka skafmiðahappdrætti á ársgrundvelli Þetta ákvæði er því of þraungt.

5. gr.

Hér segir: *“Happdrættisleyfi er heimilt að binda því skilyrði að útgjöld til auglýsinga verði ekk umfram ákveðið mark”* og enn fremur segir: *“og einnig að leyfishaft leggi fé af mörkum til rannsóknna og aðgerða sem miða að því að sporna gegn spilafíkn og afleiðingum hennar”*

Athugasemd 1: Hér er nauðsynlegt að fram komi um hvaða mark sé að ræða. Smærri happdrætti þurfa að verja mun stærri hluta af veltu í auglýsingar en stærri happdrættin. Stærðarhagkvæmnin skiptir því verulegu máli. Þetta ákvæði gæti því orðið hamlandi í markaðskynningu smærri happdrættanna í framtíðinni.

Athugasemd 2: Happdrætti DAS er flokkahappdrætti, greitt er mánaðarlega. Þeir sem eiga við spilafíkn að etja fá ekki útdrás með kaupum á miðum í Happdrætti D.A.S. Spilafíklar hafa ekki biðlund til að biða eftir því að dregið verði. Þeir vilja fá að vita hvort þeir hafa unnið strax. Þetta hefur m.a. komið fram hjá sérfræðingum sem hafa fjallað um þessi mál hér á landi sem annarsstaðar. Því er það óréttlátt að láta þau happdrætti sem auka ekki á spilafíkn greiða gjald. Þeir aðilar sem reka spilakassa eiga að bera þann kostnað sjálfir.

7. gr.

Hér segir: “*Skal vinningshlutfall þó vera að lágmarki 35%*”

Athugasemd: Fólksfjöldi er ekki mikill á Íslandi í samanburði við önnur lönd. Með það í huga er slíkt ákvæði of hátt. Sem dæmi þegar Hapdrætti DAS rak BingóLottó 1994 – 95 var vinningshlutfallið 20%.

Hefði slíkt ákvæði verið til staðar í lögum hefði ekki verið rekstrargrundvöllur fyrir slíku hapdrætti. Þá hafa skafmiðahapdrætti einnig verið með 20% vinningshlutfall. Hvort sem um peninga- eða vöruhappdrætti væri að ræða. Það má heldur ekki útiloka að skafmiðahapdrætti verði stofnuð þó um vöruhappdrætti verði að ræða. Í framtíðinni geta þessi hapdrættisform verið á Netinu eða í farsímum. Því verður ekki séð að rekstrar- grundvöllur verði fyrir slík hapdrætti í framtíðinni.

9. gr.

Hér segir: “*Skal hann skila skýrslum eða reikningum um rekstur sinn samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra*”

Athugasemd: Er ekki nóg að leggja fram ársreikninga?

10. gr.

Hér segir: “*til að fara yfir hugbúnað eða tækjakost leyfishafa eða athuga sérstaklega hvort skilyrðum laga þessara sé fullnægt, og er þá heimilt að krefja viðkomandi leyfishafa um greiðslu á kostnaði sem stofnað er til í þessu skyni*”.

Athugasemd: Verður þá ekkert eftirlit með útdráttum eða vélum. Aðeins úttekt í byrjun þegar stofnað er til viðkomandi hapdrættis? Það er hvergi mynnst á tölvubúnað né útdráttarforrit og árlegt eftirlit t.d. með því að innsigla þann búnað sem annast útdrætti. Hér er þörf á skýrari texta.

Lokaorð

Það má merkilegt teljast að hér sé gerð tillaga um að hapdrættisleyfi sé skilyrt við “þak” á auglýsingakostnaði á sama tíma og íslenskir leigutakar erlendara söfnunar- og spilakassa greiða án opinbera afskipta sífellt hærra gjald af veltu og/eða hagnaði til erlendra aðila. Um er að ræða tugaprósentur og því eru slík hapdrætti orðin einskonar umboðsaðilar fyrir framleiðendur þessara hapdrættisvéla.

Virðingarfyllt,

f.h. Hapdrættis D.A.S.

Sigurður Ágúst Sigurðsson forstjóri